

## Verkefni : Samskiptabók í meðgönguvernd

Styrkþegi: Fjölmeningarsetur

### Samantekt

Markmið verkefnisins var að útbúa myndræna samskiptabók sem ætluð er að auðvelda verðandi mæðrum og foreldrum af erlendum uppruna og starfsfólki í meðgönguvernd að hafa samskipti. Ákveðið var að finna nýjar leiðir til samskipta og fræðslu í þeim tilvikum þegar konurnar eiga ekki auðvelt með að taka við upplýsingum á rituðu máli hvort sem það er á íslensku eða öðru tungumáli. Tekið var mið af klínískum leiðbeiningum frá Embætti landlæknis um *Meðgönguvernd heilbrigðra kvenna í eðlilegri meðgöngu* við gerð mynda og texta, en myndir voru unnar af læknisfræðilegum teiknara. Verkefnið er þróunar- og samstarfsverkefni og hefur fagfólk í heilbrigðisþjónustu veitt ráðgjöf og aðstoð sem og barnshafandi konur og foreldrar af erlendum uppruna. Samskiptabókin er ætluð sem val konunnar og vonast er til að hún auðveldi samskipti þannig að minni þörf sé fyrir túlkþjónustu í hverri skoðun í meðgönguvernd. Einnig er vonast til að bókin, einstaka kaflar hennar og orðskýringar nýtist við faglega þjónustu túlka og sé viðbót til að vinna að bættri þjónustu við verðandi mæður af erlendum uppruna. Möguleikar eru á að samskiptabókin geti einnig nýst í fleiri tilvikum s.s í tengslum við þjónustu við ungar verðandi mæður, seinfæra foreldra og fleiri. Tilraunaútgáfa samskiptabókarinnar ásamt ítarefni og leiðbeiningum verður gefin út rafrænt og verður aðgengileg á vefsíðu Fjölmeningarseturs, [www.mcc.is](http://www.mcc.is) á átta tungumálum.

## Project: Communication book in antenatal care

Grantee: Multicultural and information centre

### **Abstract**

The aim of the project was to create a graphical communication book intended to facilitate communication between expectant mothers and parents of foreign origin and staff in antenatal care. It is a innovative approach of communication and education in cases where the pregnant women can't easily receive information on writing whether in Icelandic or any other language. It was based on clinical guidelines from the Directorate of Health, about *Antenatal care healthy woman in normal pregnancy*, by making pictures and text. The pictures were processed by medical illustrator. It is a pilot project managed in cooperation with professionals in health care. They have provided counseling and assistance as well as pregnant women and parents of foreign origin. The use of the communication book is supposed to be the woman's choice and it is hoped that it facilitates communication and there will be less need for interpreter services in each appointment during pregnancy. Hopefully the book, individual chapters of the book and the glossary will be useful for interpreting and professional services in addition to work on improved services to expectant mothers of foreign origin. There are possibilities that the use of the communication book can be extended, such as in connection with services to young expectant mothers, parents with learning difficulties etc. The pilot edition of the communication book along with supplementary information and instructions will be issued electronically and will be accessible on the website of the Multicultural centre, [www.mcc.is](http://www.mcc.is) in eight languages